

Hverfisráð Hríseyjar

53. fundur.

Mánudaginn 20. desember 2010 kl. 17:00 var 53. fundur í Hverfisráði Hríseyjar haldinn í Hlein. Mætt voru: Kristinn F. Arnason, Pröstur Jóhannsson og Guðrún Þorbjarnardóttir.

Eitt mál var á dagskrá. Boðaður niðurskurður hjá Heilsgæslustöð Dalvíkur og felst hann í því að viðvera lækni hér í Hrísey verður aflögð frá og með 1.febrúar 2011.

Hverfisráð mótmælir harðlega þessum niðurskurði og mun senda frá sér ályktun um þetta málefni til bæjaryfirvalda.

Hverfisráð lýsir einnig furðu sinni á því að ekki hefur verið haft samráð við Hverfisráð né bæjaryfirvöld um boðaðan niðurskurð sem framkvæmdastjórn Heilsgæslustöðvar Dalvíkur tilkynnti íbúum Hríseyjar með dreifibréfi 15. des. sl.

Hverfisráð er tilbúið til þess að ræða þessi mál við viðkomandi aðila þannig að viðunandi lausn fái um væntanlegan niðurskurð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:10.

Ályktun Hverfisráðs Hríseyjar.

Málefni: Boðaður niðurskurður hjá Heilsgæslustöð Dalvíkur.

Heilsgæslustöð Dalvíkur hefur boðað að frá og með 1. febrúar 2011 muni lækniþjónusta í Hrísey flytjast til Heilsgæslustöðvarinnar á Dalvík.

Hverfisráð Hríseyjar mótmælir fyrirhugaðri þjónustuskerðingu á þjónustu Heilsgæslustöðvar Dalvíkur við íbúa Hríseyjar.

Læknir hefur haft viðveru í Hrísey einu sinni í viku í eina klukkustund í senn. Meðalaldur íbúa hefur farið hækkandi undanfarin ár og ljóst að margir eiga erfitt um vik að sækja lækniþjónustu til Dalvíkur.

Þá sætir furðu að ekkert samráð skildi haft við bæjaryfirvöld á Akureyri né Hverfisráð Hríseyjar um skerðingu á þjónustunni heldur var breytingin tilkynnt með dreifibréfi undirritað af Framkvæmdastjórn Heilsgæslustöðvarinnar. Hverfisráðið skorar á Framkvæmdastjórn að endurskoða þessa ákvörðun og koma til viðræðna við bæjaryfirvöld á Akureyri og Hverfisráð um framkvæmd þjónustunnar þannig að viðunandi lausn fái.

Hverfisráð Hríseyjar 20. desember 2010.

Kristinn Arnason

Pröstur Jóhannsson

Guðrún Þorbjarnardóttir